

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Keflavíkurlflugvelli.

Utanríkisráðuneytið samþykkti 6. júlí 2021 breytingu á deiliskipulagi öryggissvæðisins á Keflavíkurlflugvelli. Það er það svæði sem Landhelgisgæsla Íslands fer með umráð yfir á Keflavíkurlflugvelli í umboði utanríkisráðuneytisins.

Deiliskipulagssvæðið er um 760 ha að stærð og afmarkast samkvæmt auglýsingu nr. 720/2015 um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða. Helstu breytingar á deiliskipulaginu eru m.a. viðbótar byggingarheimildir, breytingar og stækkun á byggingarreitum og nýir byggingarreitir. Þá eru afmörkuð svæði fyrir efnisvinnslusvæði, skotvöll og birgðageymslusvæði, breytingar gerðar á byggingarreitum í því samhengi og byggingarheimild hækkuð.

Gerðar voru smávægilegar breytingar á deiliskipulagstillögunni í kjölfar innsendra ábendinga og athugasemda og liggja ábendingar og svör við þeim í viðauka 2 við greinargerð deiliskipulagsins.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Nánari upplýsingar um deiliskipulagið er hægt að fá hjá skipulagsfulltrúa öryggis- og varnarsvæða (skipulagsfulltrui@lhg.is).

Hægt er að kæra samþykkt skipulagsins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda 27. júlí 2021.

Keflavíkurlflugvelli, 13. júlí 2021.

F.h. utanríkisráðuneytisins og Landhelgisgæslu Íslands,
Sveinn Valdimarsson, skipulagsfulltrúi varnar- og öryggissvæða.

B-deild – Útgáfud.: 27. júlí 2021